

4 Árdags í ljóma

Við vorum rétt lagðir af stað – beint fyrir aftan Lúðrasveitina – þegar við hittum Þórberg Þórðarson og Margréti konu hans. Það urðu fagnaðarfundir með skáldunum.

6 Forseti ASÍ

Ef við komum hagsmunum okkar fólks betur fyrir með því að leyfa stjórnámönnunum að eigna sér heiður af breytingunni – þá gerum við það.

16 Málefnið mikilvægari en forystufólkið

Félagsleg réttindi hafa flest komið í gegnum stéttarfélögin. Oftast eftir ómælda baráttu.



I. tölublað · 60 árgangur · Vor 2011

VINNAN

Tímarit Alþýðusambands Íslands



Snorri Már Skúlason

Baráttunni lýkur aldrei



Virðing og réttlæti í 120 ár

Allt frá stofnun VR árið 1891 höfum við haft að leiðarljósi að standa vörð um réttindi félagsmanna. Fögnum 120 ára afmæli VR og höldum ótrauð áfram.

Vorið er komið með fuglasöng og gróanda. Vorið er tími vona og væntinga og í vorinu miðju er baráttudagur verkalýðsins 1. maí. Alþýðusamband Íslands óskar launafólki og landsmönnum öllum til hamingju með daginn. Baráttunni fyrir bættum kjörum og réttindum fólks líkur aldrei. Þess vegna eru stéttarfélagin jafn mikilvæg og raun ber vitni. Þetta vita Íslendingar sem eiga heimsmet í stéttarfélagspáttöku. Ríflega 86% vinnandi fólks hér á landi er í stéttarfélagi. Þegar litið er yfir sögu íslensku þjófðarinnar undanfarin 100 ár má glögglega sjá hvernig sigrar í réttindabaráttu verkalýðshreyfingarinnar eru samofnir lífskjarabata Íslendinga á sama tíma. Í myndaopnu í tilefni 95 ára afmælis ASÍ hér í blaðinu má t.d. sjá við hvernig húsakost fjöldi fólks bjó framan af síðustu öld. Húsnæðismál- in voru einmitt eitt af fyrstu baráttumálum verkalýðshreyfingarinnar en stórsigur vannst í þeim málum með lagasetningu um verkamannabústaði 1929. Á baráttudegi verkalýðsins er hollt að líta til baka og minn-

ast þess sem áunnist hefur því stundum talar fólk eins og þau réttindi og kjör sem Íslendingar búa við á vinnumarkaði í dag hafi orðið til af sjálfu sér. Fallið af hinnum ofan. Þannig er það ekki. Það var barist fyrir þeim, oft af hörku. Og enn er barist þó vígstaðan hafi góðu heilli breyst til batnaðar á tæpri öld. Mikilsvert er að launafólk sé meðvitað um að baráttunni líkur aldrei.

Vinnan, tímarit Alþýðusamband Íslands, kom fyrst út árið 1943 og er þetta 60. árgangur blaðsins sem nú lítur dagsins ljós. Vinnan varð til eftir aðskilnað ASÍ og Alþýðuflokksins árið 1940, en þá stóð Alþýðusambandið uppi án málagns. Rithöfundar lögðu gjörva hönd á plóg á fyrstu árum hins nýja blaðs og hafa reyndar lengi gert. Þannig áttu bæði Steinn Steinarr og Halldór Laxness efni í fyrsta tölublaðinu. Tæplega 70 árum síðar eru tengslin við rithöfunda enn til staðar en í þessu blaði má m.a. lesa skemmtilega æskuminningu Guðmundar Andra Thorssonar

þegar hann gekk með föður sínum Thor Vilhjálmssyni og Þórbergi Þórðarssyni í 1. maí göngu á 7. áratugnum. Meðal annars efnis í blaðinu má nefna viðtal við forseta ASÍ Gylfa Arnbjörnsson, fjallað er um trúnaðarmenn, jöfnun lífeyrisréttinda og kastljósinu er beint að nýjum varaforseta Alþýðusambandsins Signýju Jóhannsdóttur.

Alþýðusamband Íslands fagnar 95 ára afmæli í ár. Með samstöðuna að vopni höfum við unnið stóra sigra og það er morgunljóst að án baráttu verkalýðsfélaga væri hér margt á verri veg farið. Við byggjum á þessari löngu sögu þegar við göngum til móts við framtíðina. Það er ekki slæmt veganesti.

Vinnan · 1. tölublað · 60. árgangur
 Ritstjóri: Snorri Már Skúlason · Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnbjörnsson
 Umbrot: Tómas Bolli Hafþórsson · Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
 Forsíðumynd: 1. maí ganga í Reykjavík á sjötta áratug 20. aldar
 Ljósmyndir: Lárus Karl Ingason, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Myndasafn Jóns Bjarnasonar, Sögusafni Alþýðu í Þjóðskjalasafni, Myndasafn Sigurðar Guttormssonar

Árdags í ljóma



Þegar ég var lítill, árdags í ljóma, fór ég alltaf í 1. maí göngur með pabba – mamma nennti ekki enda vann hún við að taka ekki afstöðu til deilumálanna í samfélaginu heldur segja bara frá þeim. Hún var heima að hvíla sig á samfélaginu.

En við pabbi fórum galvaskir í kröfugöngu. Í minningunni skein sólin á þessum árum þann 1. maí og ég hafði aldrei séð neitt jafn flott og glampandi lúðrana hjá Lúðrasveit Verkalyðsins og blaktandi fánana hjá stoltum verklyðsfélögunum.

Það var taktur í deginum. Það var staðfestu-svipur á andlitum fólksins, samhljómur í kröfum þess; það var eining. Þetta var áður en menn fóru að rækta af natni blæbrigðin í ágreiningnum á vinstri kantinum vinstra megin við vinstri og sérleiðahafarnir fóru að ganga hver undir sínum privatborðum til að allt sem þeir gengju undir væri alveg áreiðanlega hundrað prósent samkvæmt bókstafnum og réttara en hjá hinum – og hétu alltaf eitthvað með “einingu”.

Þegar við pabbi vorum í kröfugöngunum var einingin sem sagt ekki öll í litlum einingum. Hún bara var. Þetta voru almennar línur: menn stóðu annaðhvort með launafólki eða ekki. Svo gátu menn verið í allskonar pólitískum flokkum. Í þessum göngum kom launafólk saman til að leggja áherslu á kröfur sínar um hærra laun, aukin réttindi, réttlátt þjóðfélag og sá sem vildi taka undir þessar kröfur gekk með launafólkinu án þess að velta fyrir sér frekari útfærsluatriðum. Og sólin skein því að það var 1. maí, fánarnir blöktu og lúðarnir glömpuðu og blésu – árdags í ljóma.

Þetta eru góðar minningar.

Samt varð ég einu sinni dálítið stressaður að vera með pabba á 1. maí. Ætli ég hafi ekki verið sjö ára og mér þótti það brýnast af öllu að vera nógu nálægt lúðrasveitinni til að njóta þess að horfa á búningana grænu, láta taktfasta baráttumarsana fylla brjóst mitt glaðbeittum hugsjónum – og heyra hlemm-ana (sem var uppáhaldshljóðfærið mitt).

Við vorum rétt lagðir af stað – beint fyrir aftan lúðrasveitina – þegar við hittum Þórberg Þórðarson og Margréti konu hans. Það urðu fagnaðarfundir með skáldunum. Kannski stóðu þeir hvor á sínum enda í heimi skáldskaparins en með þeim var góður

vinskapur og á þessum degi auðvitað algjör eining – eining í faginu. Þeir fóru strax að stinga saman nefjum; Þórbergur að segja frá einkennilegum mönnum og skrymslum og pabbi að segja frá ævintýrum í „suðurlöndum“ eins og Ítalía, Spánn og Frakkland hétu á þessum árum. Þeir fóru sér hægt en Margrét leiddi mig á undan jafn áfjád í að ná aftur í lúðrasveitina og ég; eftir þetta fannst mér Margrét alltaf vera vinkona mín og gott ef var ekki einhvers konar eining á milli okkar líka – aðstandendur skálda. Við vorum að minnsta kosti mjög samhent í því að býsnast yfir köllu-num fyrir aftan okkur, sem voru komnir á kaf í heim skáldskaparins. Voru á kaf í faginu sínu.

Og fóru sér hægt.

Hægt og bitandi drógumst við aftur úr þrátt fyrir ítrekaðar umkvartanir okkar Margrétar og áður en yfir lauk höfðum við náð að ganga undir merkjum allra félaganna í samkrulli við baráttufúsa meðlimi þeirra hverju sinni. Mig minnir að síðasti borðinn sem við gengum undir hafi verið Sveinafélag hárgreiðslumeistara þar sem sómdu sér vel tvö skáld með makka, rauðan og brúnan, tuðandi kona og



barn kjagandi á undan. Að lokum vorum við hreinlega dottin út úr sjálfri göngunni – og við Margrét farin að láta skáldin heyra það – en náðum samkomunni aftur niður á torgi þar sem Hannibal var að halda ræðu þar sem ekkert heyrðist nema baráttu brak en fánarnir blöktu sem fyrr, sólin skein og það glampaði á gullna lúðra, árdags í ljóma – það ríkti eining. Við Margrét tókum gleði okkar, enda komin á ný til manna en skáldin tvö voru enn víðsfjarri – í sagnaheiminum sem er handan við og utan við og innan við sjálft mannlíf.

Á eftir bauð pabbi mér á Hótel Borg og keypti handa mér bolla af rjúkandi súkkulaði og Napóleonsköku. Á meðan ég baksaði við að borða hana án þess að rjóminn sprautaðist út um allt sagði pabbi mér frá því sem Þórbergur hafði verið að segja og líka hann sjálfur – sýndi mér inn í handanheiminn þeirra – en ég sagði pabba frá því hversu flott lúðrasveitin hefði verið og að mig langaði að spila á hlemma þegar ég yrði stór. Ég var sæll.

Mér hefur alltaf fundist þessi 1. maí ganga okkar pabba og Þórbergs og Margrétar segja sína sögu um samfylgd skálda og launafólks en ég veit bara ekki alveg hverja. Kannski þá að skáldin taka undir með kröfum mannanna um réttlæti og jöfnuð, fylgja þeim að málum – undir öllum fánum – en eru líka svolítið utan við sig eða kannski öllu heldur inni í sér. Eða kannski hitt að skáldskapurinn fer sér hægt; skáldskapurinn er alltaf kröfuganga í hægagangi.

En hitt sá ég löngu síðar á köldum vetrardögum 2008 og 2009: þegar fólk kemur út á göturnar með kröfur sínar þá ræður það ferðinni – sýni það einingu.

Lúxus · Rómantik · Úrvals veitingastaður · Mannfagnaðir



Átt þú stórafmæli á árinu 2011?

... 20 - 30 - 40 - 50 - 60 - 70 - 80 - 90 - 100 ára ...

Hótel Rangá býður öllum sem eiga stórafmæli á árinu einstakt afmælistilboð.

Gisting fyrir tvo á aðeins 2011 krónur á sjálfan afmælisdaginn ef haldið er upp á afmælið með kvöldverði á veitingastað hótelsins.

Nánari upplýsingar á hotelranga.is/2011



Hótel Rangá | 851 Hella | Sími 487 5700 | Fax 487 5701 | hotelranga@hotelranga.is | www.hotelranga.is

Við vinnum ekki okkar sigra í kastljósi fjölmiðlanna

Gylfi Arnbjörnsson tók við embætti forseta ASÍ á ársfundi sambandsins þremur vikum eftir bankahrunið í október 2008. Síðan þá hefur hann verið með storminn í fangið enda flest gengið mót launamönnum eftir efnahagshrunið og sér varla fyrir endan á ósköpunum. Ólíklegt er að nokkur forseti ASÍ hafi tekið við embætti á meiri ólgutímum. Álagið hefur því verið mikið og persóna Gylfa oft verið í skotlínunni. Sumir af þeim sem umgangast manninn reglulega finnst hann þrífast á erfiðum verkefnum. Og verkefnið undanfarin misseri hefur verið stórt. En hefur ASÍ staðist væntingar í því gjörningaveðri sem gengið hefur yfir frá hrúni?

„Það er auðvitað ekki gott fyrir mig að leggja mat á það,“ segir Gylfi. „Um margt hafa aðstæður verið okkur andstæðar og erfiðleikar okkar fólks miklir bæði kjaralega með lækkandi kaupmætti og svo hafa skuldamálin verið heimilum einkar íþyngjandi. Verkalýðshreyfingin vann mikilvægan varnarsigur með því að tryggja að kjarasamningarnir frá febrúar 2008 héldu gildi sínu eftir hrún. Þannig tókst okkur að verja þá tekjulægstu – en kaupmátt-ur þeirra var í árslok 2010 svipaður og hann var í ársbyrjun 2008. Það er meiri árangur en nokkur önnur verkalýðshreyfing í Evrópu náði og glímdu þær þó við mun minni samdrátt en við hér.“

Alþýðusambandið lagði frá upphafi hrunsins áherslu á tvennt. Annars vegar að koma fram með tillögur um hvernig hjálpa bæri fólki að komast í gegnum tekjusamdrátt með því að

draga úr greiðslubyrði með greiðslufrestum og greiðslujöfnun lána. Hins vegar kröfðumst við verulegra breytinga á lögum sem gerði dómskerfinu kleift að dæma fjármálastofnanir til að afskrifa óraunhæfar og ógreiðanlegar skuldir. Jafnframt kröfðumst við breytinga á réttarstöðu skuldara gagnvart óréttmætum kostnaði af hálfu rukkaranna. Þessir sigrar voru ekki háðir í fjölmiðlum. Áherslan var ekki lögð á ímyndarávinning og vinsældir, heldur beinharda hagsmunabaráttu í bakherberjum stjórnarráðsins með rök réttlætisins að vopni og á stundum hótanir ef annað dugði ekki til.

Hinn kaldliki stjórnmálanna er nú einu sinni þannig, að ef við komum hagsmunum okkar fólks betur fyrir með því að leyfa stjórnmálamönnum að eignast sér heiðurinn af breytingunni – þá gerum við það – aðalatriðið er að verja og bæta stöðu okkar fólks.“

RÍKISSTJÓRNINNI FINNST AÐILAR VINNUMARKAÐARINS FLÆKJAST FYRIR SÉR


Nú er vinstri stjórn í landinu og maður skildi ætla að það væri samhljómur með áherslum hennar og verkalýðshreyfingarinnar. Hvernig hafa samskiptin gengið?

„Það er enginn launung á því að þessi samskipti hafa verið afar stírt, svo ekki sé meira sagt. Auðvitað eru það ákveðin vonbrigði fyrir okkur því maður hefði haldið að sumt ætti að vera auðveldara en ella. Mér finnst við í allt of ríku mæli hafa staðið frammi fyrir því að þessi ríkisstjórn – sem einkennir

sig við norrænu velferðarhefðina – telji aðila vinnumarkaðarins standa í vegi fyrir því að stjórnarflokkarnir komi sínum áformum í framkvæmd. Engu að síður kom það okkur á óvart að vinstri flokkarnir settu sig á móti því að verkalýðshreyfingin hefði meira um framkvæmd atvinnuleysistrygginga að segja – eins og tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Í þessu máli hafa atvinnurekendur verið okkur sammála en málið hefur mætt tortryggni og andstöðu af hálfu þingflokka stjórnarflokkanna. Hitt er einnig mikilvægt að almennt launafólk eigi eigin fulltrúa á þingi. Staðreyndin er nefnilega sú að það eru afar fáir þingmenn á Alþingi sem koma úr röðum almenns launafólks en þeim mun fleiri sem eiga sinn starfsferil í opinberu starfi. Afleiðingin er sýnileg. Það fer minna fyrir því að þingmenn beri hagsmuni almenns launafólks fyrir brjósti.“

Margir spyrja sig af hverju ríkisstjórnin þurfi að koma að gerð kjarasamninga. Hvers vegna klára aðilar vinnumarkaðarins ekki málið sín á milli?

„Ástæðan er einföld. Afkoma og hagsæld okkar fólks ræðst ekki bara af því sem í launaumslagið fer heldur hafa ákvarðanir Alþingis og stjórnvalda afgerandi áhrif þar á. Gerð kjarasamninga getur verið mikilvægt verkfæri, bæði í okkur höndum og í samstarfi við atvinnurekendur og stjórnvöld, til að sameinast um ákveðin markmið og tiltekna leiðir að þeim markmiðum. Þannig geta kjarasamningar til tveggja eða þriggja ára dregið úr óvissu og lagt ákveðinn grunn



að ákvörðunum heimila, fyrirtækja og stjórnvalda. Það eykur verðmætasköpunina og gerir það að verkum að meira er til skiptanna milli launafólks og fyrirtækja. En þá verðum við að sameinast um stefnuna og leiðirnar og þá verða stjórnvöld að leggja þessu lið. Hin leiðin er að einbeita okkur bara að atvinnurekendum, en þá semjum við bara til eins árs í senn (eða skemur) og bregðumst við ákvörðunum stjórnvalda hverju sinni með kröfum á atvinnurekendur. Það yrði verri staða en ekki útilokað að hún geti komið upp.“

VIÐ KOMUMST EKKI LANGT EF VIÐ HÖFUM FÓLKIÐ EKKI MEÐ OKKUR

Mörgum hefur þótt samband ASÍ og SA vera full náði á stundum. Sumir ganga svo langt

að segja þig og Vilhjálmi Egilsson sitthvora hliðina á sama peningnum.

„Já, þessi gagnrýni kemur oft upp þegar við höfum náð saman um ákveðna hluti eins og atvinnumálin, efnahagsstefnuna eða menntun á vinnumarkaði. Tökum atvinnumálin sem dæmi. Hvorki meira né minna en 20.000 félagsmenn Alþýðusambandsins misstu vinnuna í þessu efnahagshruni, 14.000 þeirra eru á atvinnuleysiskrá en um 6.000 hafa flutt af landi brott til að sjá fjölskyldum sínum farborða. Jafnframt er ljóst að tekjur þeirra sem ennþá hafa vinnu hafa lækkað. Með fullri virðingu fyrir erfiðleikum þeirra sem héldu vinnunni en máttu þola launalækkun, þá jafnast ekkert á við vanda þeirra sem misstu vinnuna og hafa verið án atvinnu misserum saman. Eina

lausnin á vanda þeirra er að koma hjólum atvinnulífsins í gang – að hér verði auknar fjárfestingar í arðbærum atvinnutækifærum. Því höfum við lagt gríðarlega áherslu á efnahags- og atvinnumálin við ríkisstjórnina, en talað fyrir daufum eyrum. Þegar svo er höfum við lagt áherslu á að sameina krafta okkar og atvinnurekenda til að hreyfa þessum málum. Einfaldlega vegna þess að svo stór hluti okkar félagsmanna hefur grundvallarhagsmunum af því að það takist að þoka þessum málum í rétta átt.“

Kaupmátturinn er 10% lægri nú en í ársbyrjun 2008. Hvenær getur launafólk vænst þess að vera komið á sama stað og þá og hvað þarf til?

„Það er mikilvægt að hafa tvennt í huga. Annars vegar hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna meðaltekjufólksins dregist mun meira saman ef tekið er tillit til bæði minni kaupmáttar dagvinnulaunanna og þann mikla samdrátt sem varð í sporslum og yfirvinnu. Þó lausnin sé að hluta til fólgin í launahækkunum leysum við þetta aðallega með auknum umsvifum og meiri vinnu. Þess vegna leggjum við svona mikla áherslu á fjárfestingar og uppbyggingu. Hins vegar verðum við að hafa það í huga að þessi lækkun kaupmáttar er úr hæstu stöðu hans í sögulegu samhengi. Von mín er að með samblandi launahækkanna og styrkingar krónunnar getum við endurheimt talsverðan hluta þessa kaupmáttar á næstu þremur árum. Hvort það tekst ræðst aftur af auknum umsvifum og hagvexti.“

Hver eru þín skilaboð til launafólks innan ASÍ á baráttudegi verkalýðsins, 1. maí?

„Árangur okkar sem erum í forystu launafólks er háður því að samstaða sé í hreyfingunni um leiðir og lausnir. Ef gagnaðilar okkar, hvort sem það eru atvinnurekendur eða stjórnvöld, finna að við höfum ekki fólkið með okkur þá komumst við ekki langt. Að sama skapi er mikilvægt að sá taktur sem við erum að slá byggji á vilja félagsmannanna og þann vilja verðum við að beisla í starfi okkar. Það gerum við með virkri umræðu innan stéttarfélaganna og með því að virkja hið víðtæka tengslanet okkar í gegnum trúnaðarmennina á vinnustöðunum. Við erum að glíma við ótrúlega erfiðar aðstæður og afar mikilvægt að treysta og efla samstöðuna því hún er forsenda árangurs.“

Ungt fólk á að móta fram tíð sína á vinnumarkaði



Ungt fólk í aðildarfélögum ASÍ hefur á undanförmum vikum unnið að stofnun ungliða-hreyfingar innan Alþýðusambandsins. Fundað hefur verið vítt og breitt um landið þar sem rætt hefur verið um meginverkefni slíks samráðsvettvangs en fyrirhugað er að halda stofnþing í lok maímánaðar. Fram hefur komið á fundunum að meginverkefni ungs fólks í aðildarfélögum ASÍ sé að fræða jafnaldr sína á vinnumarkaði um réttindi sín og skyldur auk þess að fjalla með viðtækum hætti um málefni ungs launafólks.

EIGUM EKKI BARA AÐ TAKA Í ARF HELDUR SETJA NÝ VIÐMIÐ

Hrafnhildur Ólafsdóttir og Stanislaw Bukowski tóku þátt í fundi með ungu launafólki frá 9 stéttarfélögum á höfuðborgarsvæðinu í byrjun aprílmánaðar. Hrafnhildur hefur tekið virkan þátt í starfi Félags bókagerðarmanna undanfarin ár og þekkir því vel til þess hver verkefni ungs fólks í verkalyðshreyfingunni eiga að vera. „Það er mikilvægt að hafa vettvang fyrir ungt fólk því það er stór hópur á

vinnumarkaði og á hafa áhrif á það hvernig fjallað er um þeirra mál. Ungt fólk á að taka þátt í að móta fram tíð sína á vinnumarkaði og þess vegna þarf verkalyðshreyfingin að fá ungt fólk til starfa. Verkalyðshreyfingin mætti sömuleiðis taka upp starfshætti sem höfða meira til ungs fólks í dag.“

Að mati Hrafnhildar eru verkefni vettvangs fyrir ungt fólk innan ASÍ að fræða ungt fólk á vinnumarkaði um réttindi þeirra og skyldur og beita sér í þeim málaflokkum sem varða ungt fólk t.d. menntamálum, húsnæðismálum og öðrum velferðarmálum sem snerta ungar barnafjölskyldur í dag. „Það er mikilvægt að þessi hópur sé leiðandi í því að móta fram tíð þjóðarinnar en taki ekki einungis við því sem kynslóðirnar sem á undan komu sættu sig við.“

**GAMAN AÐ VERA HLUTI
AF UPPBYGGJANDI VERKEFNI**
Undir þetta tekur Stanislaw Bukowski sem setið hefur í stjórn Eflingar stéttarfélags

undanfarin misseri. „Það getur verið erfitt fyrir ungt fólk að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði, koma sér upp húsnæði og stofna fjölskyldu. Þetta krefst mikillar orku og seiglu og krafa á vinnumarkaði um reynslu og menntun gerir fyrstu skrefin ekki auðveldari. Það er mikilvægt að litið sé á unga fólk sem virka þátttakendur á vinnumarkaði og mikilvægan hluta samfélagsins.“

Stanislaw hvetur ungt fólk til þátttöku í starfi stéttarfélaganna og segir að starfið hafi reynst sér bæði skemmtilegt og gefandi. „Ég hef tekið þátt í ýmsum verkefnum innan Eflingar m.a. vinnu sem fylgir kjarasamninggerð og það finnst mér bæði krefjandi og skemmtilegt. Það er nefnilega mjög góð tilfinning að vera hluti af þessu uppbyggjandi verkefni þar sem margir einstaklingar koma saman til að ná sem bestum árangri í kjaramálum. Þekking mín, skilningur og reynsla af verkalyðsmálum hefur því aukist umtalsvert á undanförmum misserum.“

NÁM ALLA ÆVI

Námskeið og þjónusta sem tekur mið af þörfum atvinnulífsins

Námskeið í Norðurlandamálum

Mímir-símenntun býður upp á námskeið í norsku, sænsku og dönsku sem henta vel fyrir iðnaðarmenn sem flytjast þurfa búferlum um lengri eða skemmri tíma vegna vinnu.

Íslenskukennsla fyrir útlendinga á vinnustöðum

- Fléttað er saman almennum orðaforða og starfstengdum þar sem megináhersla er lögð á skilning og þjálfun í töluðu máli.
- Fjölbreyttar kennsluáferðir þar sem allir fá tækifæri til að njóta sín.

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað

Mímir-símenntun veitir náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðið fólk á vinnumarkaði. Vinnustaðir geta óskað eftir að náms- og starfsráðgjafar komi og kynni þjónustuna meðal starfsmanna. Í framhaldi af kynningu er boðið upp á einstaklingsviðtöl sem geta farið fram á vinnustað eða húsnæði Mímis. Þjónustan er vinnustaðnum að kostnaðarlausu.



Myndatexti: Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur

«Móttaka Nóbelskálðsins»

Þegar Halldór Kiljan Laxness kom til Íslands með Gullfossi hinn 4. nóvember 1955 eftir að hafa fengið Nóbelsverðlaunin í bókmenntum var honum vel fagnað, þó hvorki af fulltrúum borgarstjórnar Reykjavíkur né ríkisstjórnar, og hvergi blakti fáni við hún á opinberum byggingum. Vinnan, blað ASÍ staðhæfði kaldhæðnislega að það væri vegna þess að „allir opinberir fánar voru í þvotti þennan dag!“ Hannibal Valdimarsson, forseti ASÍ, bauð skáldið velkomið. Hann sagði m.a. í ávarpi sínu: „Ég tel fara vel á því, að samtök listamanna og alþýðu fagni þér, er þú stígur á land. En það gera fleiri – það gerir þjóðin öll: verkamaðurinn við vinnu sína, sjómaðurinn á hafinu, bóndinn að búi sínu, iðnaðarmaðurinn við iðju sína.“



«Húsakynni alþýðunnar

Húsnæðismál verkafólks hafa frá öndverðu verið eitt mikilvægasta málefni verkalyðshreyfingarinnar. Ófremdarástand ríkti í þessum málum á fyrstu áratugum 20. aldar hér á landi, ekki síst vegna þess að fólk í þéttbýli fjölgaði hratt en byggingar á íbúðarhúsnæði voru ekki í takt við þær breytingar. Húsnæðisvandamál verkafólks voru einkum af þrennum toga: há húsaleiga, þröng og slæm húsakynni og loks öryggisleysið. Dæmi voru um að fjölskyldur, 6-8 manns, byggju í eins herbergis íbúðum þar sem upphitun var lítil eða engin og saggi í hverju horni. Sumar fjölskyldur bjuggu jafnvel í kofum sem voru kannski ekki nema 5-6 fermetrar og lofthæðin ekki nema 1,7 metrar. Á Ísafirði bjó fólk árið 1922 „í skúrum og útihúsum, sem ekki eru einu sinni foheldir og konur ala þar börn sín í hríð og vetrarveðrum“. Þrátt fyrir að þörfin væri brýn var ekki gert verulegt átak í þessum efnum fyrr en með verkamannabústöðunum, en hinir fyrstu voru teknir í notkun í Reykjavík árið 1933.



«Orlofsmál

Á öndverðri 21. öld finnst flestum starfsettum sjálfsgætt að fá orlof í nokkrar vikur frá starfi sínu. En leiðin að þeim réttindum hefur verið löng. Í kjarasamningum árið 1914 höfðu prentarar fengið þeirri kröfu framgengt að þeir mættu taka sér þriggja daga launalaust orlof og í kjarasamningum 1916 náðist sá árangur að samið var um þriggja daga orlof á launum. Fjórum árum síðar var orlofið lengt um helming. Lög um orlof sem samþykkt voru á Alþingi árið 1943 voru byltingarkennd breyting fyrir marga. Samkvæmt þeim áttu allir sem unnu í annarra þjónustu að fá orlof í 12 daga árlega á fullum launum. Fullyrt var að miklir annamarkar væru á því að verkafólk gæti notið orlofs, „svo sem skortur á farartækjum, dvalarstöðum, hentugum útbúnaði og leiðbeiningum um ferðalög“. Setning orlofslaganna varð einmitt til þess að farið var að gefa þessum málefnum meiri gaum. Árið 1941 keypti Hið íslenska prentarafélag jörðina Miðdal í Laugardal og Byggingarfélag prentara byggði þar bústaði fyrir félagsmenn sína. Önnur verkalyðsfélög tóku minni skref en sennilega mjög í takt við þarfir félagsmanna og eigin getu. Um miðja 20. öldina keypti t.d. Verkalyðsfélag Akraness einfaldlega 10-15 tjöld og 30 svefnpoka og leigði félagsmönnum sínum.

«Verkfallsvarsla við Kassagerðina árið 1961»

Á þingi ASÍ árið 1960 voru gerðar kröfur um verulegar launahækkningar, enda væri ekki hægt að búa við óbreytt kaup „við aðra eins dýrtíðarmögnun og orðið hefur síðastliðið ár“, en gengi krónunnar hafði verið fellt hressilega í febrúar 1960. Verkalyðshreyfingin átti í viðræðum við ríkisstjórn og atvinnurekendur á fyrri hluta árs 1961 og krafðist þess að kjaraskerðingin yrði bætt, en þeim lauk um vorið án niðurstöðu. Þá höfðu um 20 verkalyðsfélög boðað verkföll og sumarið 1961 varð verkfallasumar. Á þessari mynd má sjá verkfallsverði Dagsbrúnar við Kassagerðina í Reykjavík. Bil hefur verið lagt fyrir skemmudyr, væntanlega til þess að koma í veg fyrir útkeyrslu. Sjá má Guðmund J. Guðmundsson, síðar formann Dagsbrúnar, skaga upp úr hópnum fyrir miðri mynd.



«Á síldarplani

Þessi mynd sýnir síldarplan á Neskaupstað, líklega á sjötta áratugnum. Þarna er fjöldi fólks við vinnu, aðallega konur en líka karlar og börn. Sjávarútvegur var í upphafi grunnur íslenskrar verkalyðshreyfingar, sjómenn, verkakonur og verkmenntu voru kjarni hreyfingarinnar langt fram eftir 20. öld og verkalyðsfélög þessa fólks voru öflugust aðildarfélag ASÍ. Fólk sem vann við verslun og skrifstofustörf átti ekki innangengt í ASÍ fyrr en eftir 1960. Störf við fiskverkun voru erfð og oft kuldæg. Síldarstúlkur gátu orðið handlama vegna sára og ígerða og var ástæðan iðulega áta í síldinni en þegar þannig stóð á þurfti ekki nema smáगत á vettlingi til að „valda fleiðrum og sárum á viðkvæmri húð. Þegar salt, síldarkrydd og saltþétur kemur í fleiðrin verður sársaukinn illþolandi og sárin dýpka og stækka“. Það var ekki fyrr en um miðja öldina sem farið var að útvega síldarstúlkum gúmmivettlinga þeim að kostnaðarlausu.

1. maí »

Fyrsti maí varð lögskipaður frídagur árið 1966, löngu síðar en í ýmsum nágrennlöndum okkar, t.d. varð 1. maí almennur frídagur í Svíþjóð 1938. Var það eins konar gjöf og viðurkenning ríkisstjórnarinnar til Alþýðusambandsins í tilefni hálfra aldar afmælis ASÍ árið 1966. Þessi mynd er af 1. maí göngu árið 1956. Þá var ofarlega á baugi að draga úr launamun karla og kvenna eins og sjá má af kröfuspjöldum og kraft var einingar innan verkalyðssamtakanna. En einnig má sjá þarna kröfur annars eðlis: „Handritin heim“ var meðal helstu krafna verkalyðssamtakanna árið 1956.



6 ástæður fyrir því að ASÍ vill jafna lífeyrisréttindi

Sem betur fer lifum við flest það lengi að við látum af störfum á vinnumarkaði og setjumst í helgan stein. Nú eða ekki. Því ef heilsan er góð og fjárhagurinn í lagi taka við ár með frítíma fyrir áhugamál, ferðalög og önnur skemmtilegheit. Alla starfsævina leggjum við fyrir í lífeyrissjóði til að hafa tekjur á ævikvöldinu. Lífeyrismál skipta okkur því öll máli. Ein af kröfum ASÍ í kjaraviðræðunum í vetur var jöfnun lífeyrisréttinda á opinbera- og almenna vinnumarkaðnum.

1 Hvers vegna telur ASÍ nauðsynlegt að jafna lífeyrisréttindi í landinu?

Umtalsverður munur er á lífeyrisréttindum þeirra sem vinna hjá hinu opinbera og þeim sem starfa á almennum vinnumarkaði. Sem dæmi má nefna að launamaður á almennum vinnumarkaði sem í dag byrjar að greiða í lífeyrissjóð 25 ára gamall og hefur að meðaltali 300.000 krónur í mánaðarlaun alla starfsævina getur vænst þess að fá um 190.000 krónur í mánaðarlegan ellilífeyrir fari hann á eftirlaun 67 ára en starfi hann hjá hinu opinbera fær hann hins vegar um 280.000 krónur í eftirlaun.

2 Geta ríki og sveitarfélög staðið við skuldbindingar sínar í opinbera lífeyriskerfinu?

Nauðsynlegt er að gera áætlun um það hvernig ríki og sveitarfélög hyggjast á næstu árum og áratugum greiða niður þær skuldbindingar sem safnast hafa upp í sjóðum opinberra starfsmanna. Fyrirsjáanlegt er að greiðslubyrði þessara skuldbindinga mun reyna á fjárhag opinberra aðila en mikilvæg forsenda fyrir því að þetta verði hægt er að stöðva frekari skuldasöfnun í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna. Það þarf að gera opinbera kerfið sjálfbært þannig að það lendi ekki sem aukin skattbyrði á komandi kynslóðum. Verði það ekki gert er ljóst að lífeyrisskuldbindingar hins opinbera munu í náninni framtíð leiða til óhóflegra skattahækkana og verða veruleg ógn við mennta-, velferðar- og heilbrigðiskerfið þar sem sífellt meiri fjármunir fara til að halda lífeyriskerfinu uppi.

3 Hversvegna eru opinberir starfsmenn með betri lífeyrisréttindi en launafólk á almennum markaði?

Hjá opinbera starfsmanninum eru lífeyrisréttindin föst sem þýðir að ávöxtun og staða lífeyrissjóðsins sem hann greiðir til hafa engin áhrif á réttindi hans. Ef sjóðurinn ræður ekki við að borga réttindin, t.d. vegna slæmrar ávöxtunar, aukins kostnaðar vegna vaxandi örorku eða hækkandi lífaldurs, þá eru þau tryggð með bakábyrgð ríkis og sveitarfélaga og mismunurinn er greiddur úr sameiginlegum sjóðum. Lífeyrissjóðir almenns launafólks hafa hins vegar enga slíka bakábyrgð og verða samkvæmt lögum að vera sjálfbærir. Þetta þýðir að réttindi ráðast af því hversu vel gengur að ávaxta sjóðinn. Ef vel gengur aukast réttindi en ef illa gengur verður sjóðurinn að skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaganna.

Óréttlætið sem í þessu felst kom berlega í ljós eftir fjármálahrunið. Lífeyrissjóðir almenns launafólks þurftu lögum samkvæmt að skerða réttindi sjóðfélaga sinna umtalsvert til að rétta stöðu sjóðanna. Á sama tíma stóðu réttindi opinberra starfsmanna óhögguð. Almennu launafólki er þannig bæði gert að taka á sig skerðingu á eigin réttindum og mæta auknum álögum (skattahækkunum) til að standa undir óhögguðum réttindum opinberra starfsmanna. Opinberu lífeyrissjóðirnir urðu nefnilega ekkert síður en almennu sjóðirnir fyrir áföllum í kjölfar hrunsins. Við þetta óréttlæti verður ekki búið. Því gerði ASÍ þá kröfu á stjórnvöld í síðustu kjarasamningum að þau viðurkenni þennan mismun og fallist á að hann þurfi að leysa með framlögum úr ríkissjóði á næstu árum þannig leiðrétta megi þann mikla mun á lífeyrisréttindum landsmanna sem af þessu hlýst.

4 Stendur lífeyriskerfi opinberra starfsmanna undir sér eins og almenna lífeyrissjóðakerfið?

Nei, í árslok 2009 voru lífeyrisskuldbindingar umfram eignir í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna tæplega 500 milljarðar króna. Þá er ekki litið til stöðu áunninna lífeyrisréttinda æðstu embættismanna, alþingismanna og ráðherra. Þetta er svipuð upphæð og öll útgjöld ríkisins í ár. Stærstur er vandinn í eldri deildum opinberu sjóðanna, s.k. B-deildum, þar sem þeir starfsmenn sem voru í starfi fyrir árið 1997 eiga réttindi. Þar var hallinn í árslok 2009 um 392 milljarðar og um 43 milljarðar í eldri deildum hjá sjóðum sveitarfélaganna.

Halli eldri deildanna hefur vaxtið hratt á undanförunum árum með nýjum skuldbindingum sem einkum má rekja til hinnar s.k. eftirmannsreglu. Þessi regla felur í sér að lífeyrisgreiðslur úr B-deildum eru ekki verðtryggðar með vísitölu neysluverðs, líkt og hjá almennu lífeyrissjóðunum, heldur fylgja þær breytingum á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. Þannig leiða nýjar launahækkningar hjá hinu opinbera til þess að, lífeyrisréttindi allra þeirra sem eiga réttindi í eldri deildum sjóðanna aukast og þar með skuldbindingar lífeyrissjóðsins. Þetta kerfi er ekki sjálfbært. Að óbreyttu mun þessi skuldbinding halda áfram að aukast og verða óviðráðanleg.

5 Er ASÍ með kröfur um skerðingu á þeim lífeyrisréttindum sem opinberir starfsmenn hafa þegar unnið sér inn?

Nei, ASÍ hefur lagt á það mikla áherslu að staðinn verði vörður um þau réttindi sem opinberir starfsmenn hafa þegar unnið sér inn. ASÍ hefur jafnframt talið það óumflýjanlegt að stöðva frekari skuldasöfnun með því að gera lífeyriskerfið sjálfbært vegna ávinnslu réttinda í framtíðinni og hvatt til þess að samtök opinberra starfsmanna gangi til samninga um það.

6 Hvað vill ASÍ að þessi jöfnun lífeyrisréttinda eigi sér stað á löngum tíma?

ASÍ setti það sem forsendu í viðræðum um kjarasamninga í vetur að teknar verði ákvarðanir um eitt samræmt, sjálfbært lífeyriskerfi sem tryggi öllum landsmönnum sömu lífeyrisréttindi. Ljóst er að til þess að svo megi verða þarf íslenskt atvinnulíf langan aðlögunartíma svo þetta leiði ekki til lakari samkeppnisstöðu og færri starfa og því er krafan sú að iðgjöld atvinnurekenda í lífeyrissjóði hækki í áföngum á næstu árum.



Landslénið .is óskar launþegum til hamingju með daginn

Höfðatúni 2 – 105 Reykjavík – S: 578 2030 – intis.is



Við erum öll
mikilvæg






Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig

- Sterkari saman! -

Efling-stéttarfélag • Sætúni 1 • Sími 510 7500 • www.efling.is



- stendur með þér

Vilt þú verða trúnaðarmaður á þínum vinnustað?



Það eru meira en 70 ár frá því að ákvæði um trúnaðarmenn á vinnustöðum voru færð í lög á Íslandi. Á vinnustað þar sem 5 eða fleiri starfa hefur stéttarfélag rétt til að tilnefna trúnaðarmann en hlutverk hans er að gæta þess að atvinnurekandi brjóti ekki á réttindum starfsmanna sinna. Starf trúnaðarmannsins er því ábyrgðarstarf.

Hvert er hlutverk trúnaðarmanns á vinnustað?

Hlutverk trúnaðarmanna er að gæta þess að kjarasamningar séu virtir af atvinnurekanda og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt launamanna. Trúnaðarmaðurinn starfar í umboði stéttarfélagsins á sínum vinnustað og er tengiliður milli félagsins og starfsmanna. Hann er einnig tengiliður milli starfsmanna og vinnuveitanda. Á erfiðum tímum á vinnu- markaði reynir oft á trúnaðarmenn og er mikið til þeirra leitað með margvísleg málefni og ósk um úrlausnir. Þeir þurfa því oft að koma málum í farveg sem heyra ekki

beint undir starfssvið þeirra.

Hvernig verður maður trúnaðarmaður?

Með því að bjóða þig fram. Samkvæmt lögum og kjarasamningum er heimilt að kjósa einn trúnaðarmann á vinnustað þar sem starfsmenn eru að lágmarki 5 og upp að 50 og tvo ef starfsmenn eru fleiri en 50. Oftast eru það starfsmenn hvers vinnustaðar sem kjósa sér trúnaðarmann. Stéttarfélögin aðstoða oft við slíkar kosningar. Ef ekki tekst að kjósa trúnaðarmann þá getur félagið tekið ákvörðun um hver skuli tilnefndur.

Í hverju felst nám trúnaðarmanns?

Nám trúnaðarmanna felst í því að kynna þvi laga- og kjarasamningsumhverfi sem þeir eru að verja. Upplýsingar um réttindi og skyldur á vinnu- markaði liggja víða og fer fram þjálfun í að finna þær og upplýsa samstarfsmennina. Þetta er umhverfi sem er flókið og tekur sífellt breytingum og því er ógjörningur að læra það utan að. Þar fer einnig m.a. fram þjálfun í samtals-

tækni, samskiptum, ræðumennsku, samningatækni, hagfræði, lestri launaseðla og vinskýrslna. Námið er viðurkennt af menntamálaráðuneytinu og fæst metið til eininga á framhaldsskólastigi.

Sækir maður námskeiðin á vinnutíma?

Trúnaðarmannanámið fer fram í vinnu- tímanum og hefur trúnaðarmaður heimild til að verja 1-2 vikum á ári í nám og heldur hann launum sínum á meðan. Einnig á hann rétt á því að sækja ráðstefnur og fundi án skerðingar á launum. Kostnaður við námið skiptist á milli viðkomandi stéttarfélags og Félagsmálaskóla alþýðu.

Á trúnaðarmaður á hættu að verða refsað af sínum atvinnurekanda ef hann er „óþægur ljár í þúfu“?

Sá sem gegnir starfi trúnaðarmanns er að standa vörð um réttindi sinna samstarfsmanna á vinnustaðnum. Hann er í þeirri stöðu að ná samkomulagi og miðla málum og það gefur auga leið að hann getur lent í erfiðri stöðu, sérstaklega ef viðkomandi atvinnurekandi brýtur á starfsfólki. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 80 frá 1938, þar sem starf trúnaðarmanna er lögfest segir: „Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig.“

Er erfitt að vera trúnaðarmaður?

Það er algengur misskilningur að það sé hlutverk trúnaðarmanna að taka á persónulegum ágreiningi milli starfsmanna, samstarfs- örðugleikum eða vandamálum á vinnustað, en það er einmitt það sem flestir hræðast þegar falast er eftir því að þeir taki að sér starf trúnaðarmanns. Slíkur ágreiningur á að vísa til yfirmanna.

Trúnaðarmaðurinn



Nafn: Brynjar Ingi Magnússon
Vinnustaður: Flugfjarskiptadeild Isavia
Félag: Rafiðnaðarsamband Íslands

Af hverju ákvæðst þú að verða trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Ég ákvæð að bjóða mig fram vegna þess að ég vildi prófa eitthvað nýtt. Ég leit á þetta sem áskorun sem gaman væri að takast á við og gott að fá þetta í reynslubankann.

Hvaða kostum þarf góður trúnaðarmaður að vera búinn?

Góður trúnaðarmaður þarf að vera góður hlustandi fyrst og fremst. Ég tel að heiðarleiki og hreinskilni séu líka góðir kostir fyrir trúnaðarmann. Þannig skapar maður traust á milli sín og skjólstæðinga sinna sem er nauðsynlegt í þessu starfi.

Er krefjandi að vera trúnaðarmaður?

Já það getur verið krefjandi, sérstaklega þar sem um er að ræða fólk sem þú hefur unnið með, jafnvel í mörg ár. Þá verður traustið að vera til staðar svo að fólk geti komið til þín í trúnaði.

Hverskonar mál er algengast að þú þurfir að eiga við?

Ég er nú ekki búinn að vera lengi trúnaðarmaður þannig að ég hef ekki fengið mikið af málum inn á mitt borð. Í dag eru viðræður um launakjör fyrirferðamiklar en sem trúnaðarmaður þá er ég í forsvari fyrir mína félagsmenn.

Heldur þú að álag á trúnaðarmenn hafi aukist eftir að atvinnuástandið versnaði og kreppan skall á?

Ég hef ekki tekið eftir því á mínum vinnustað. Sjálfsgagt er það misjafnt á milli vinnustaða. Það gæti líka allt eins virkað í hina áttina, fólk er kannski hrætt um að missa vinnuna sína og því koma kannski færri vandamál upp á yfirborðið.

Getur þú mælt með starfi trúnaðarmanns á vinnustað?

Já ég get hiklaust mælt með þessu. Þetta er þroskandi og skemmtilegt starf. Ég mæli einnig hiklaust með því að nýir trúnaðarmenn sækji trúnaðarmannanámskeiðin hjá Sigurlaugu í Félagsmálaskólanum. Ég hef lært mikið á þeim og haft gaman af.

Málefnið mikilvægari en forystufólkið

Segir Signý Jóhannesdóttir nýr varaforseti ASÍ



Signý Jóhannesdóttir var kjörin varaforseti ASÍ á ársfundi Alþýðusambandsins í október 2010. Signý tók við embættinu af Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur sem lést á síðasta ári eftir skammvinn veikindi. Signý er formaður Stéttarfélags Vesturlands og hún hefur stýrt undanförunum ársfundum ASÍ af mikilli röggsemi. En hver er þessi kona sem nú situr á varaforsetastóli í Alþýðusambandinu.

FÉLAGSLEG RÉTTINDI HAFNA FLEST KOMIÐ Í GEGNUM STÉTTARFÉLÖGIN

Ég er fædd og uppalin á Siglufirði og bjó þar nær óslitið í hálföld. Stofnaði heimili rétt 17 ára með Þórði Björnssyni jafnaldrum mínum. Við eignuðumst 4 börn á 9 árum, þrjú stráka og eina stelpu. Barnabörnin eru orðin fimm, auk tveggja sem hafa fylgt tengdabörnunum. Þegar ég var beðin um að gefa kost á mér til formennsku í Verkalýðsfélaginu Vöku vorið 1995, þá var ég ekki lengi að hugsa mig um. Því starfi gegndi ég í nærri 13 ár. Þegar eiginmaðurinn kom í land eftir 30 ár á sjónum var fátt um vinnu fyrir hann á Sigló, þannig að hann settist að í höfuðborginni. Um svipað leiti hafði atvinnulífið á Siglufirði breyst gríðarlega,

fyrirtæki höfðu lagt upp laupana og störfum hafði fækkað. Niðurstaðan varð því sú að sameina deildir Vöku við félögin í Eyjafirði. Það tel ég að hafi verið gæfuspor og í raun hafi allir haft hag af breytingunum. Þegar það varð opinbert að ég væri að hætta hjá Vöku, kom Sveinn Hálfánarson að máli við mig og spurði hvort ég gæti hugsað mér að setjast að í Borgarnesi og taka við starfi hans hjá Stéttarfélagi Vesturlands. Ef satt skal segja þá fannst mér hugmyndin fráleit í fyrstu, en ég sló til og hér hef ég verið í rúm þrjú ár og líkar vel.

Hver er staða stéttarféлага á Íslandi?

Hún er í raun mun sterkari en virst gæti ef menn læsu bara blöðin. Þar er vinsælt að halda á lofti mynd af sundurleitu hópi, sem ekki er að vinna fyrir alþýðuna. Í raun eru stéttarfélögin út um allt land að vinna frábært starf. Við þurfum ekki að nefna nema tvö verkefni sem verkalýðshreyfingin hefur tekið sér fyrir hendur á síðustu árum. Fyrst eru það menntamálin, en með tilkomu fræðslusjóðanna upp úr 2000 hefur orðið bylting í fullorðinsfræðslu í landinu, hennar var full þörf. Síðan er það Virk, starfsendurhæfningsjóðurinn, sem ekki mun valda minni straumhvörfum þegar fram í sækir. Ég tel reyndar að bæði þessi verkefni séu mjög tengd því að styrkja stöðu verkafólks á vinnumarkaði. Þannig er það líka ef við skoðum söguna. Félagsleg réttindi hafa flest komið í gegnum stéttarfélögin. Oftast eftir ómælda baráttu.

LAUNAFÓLK HEFUR EKKI HLAUPIST UNÐAN ÁBYRGÐ

Það hefur margt áunnist í hundrað ára sögu íslenskrar verkalýðsbaráttu, en hvar þarf helst að sækja fram að þínu mati?

Verkalýðshreyfingunni er í raun ekkert mannlegt óviðkomandi. Óskar Garibaldiason fyrrverandi formaður Verkalýðsfélagsins Vöku var mikill áhrifavaldur í mínu lífi. Hann var einn af þeim sem barðist hvað harðast

fyrir atvinnuleysistryggingum. Ég eyddi mikilli orku í það að berjast gegn þeim breytingum sem gerðar voru á kerfinu 1997, þar sem þjónustan við atvinnulausa var í raun tekin frá verkalýðshreyfingunni. Ég tel enn að þetta hafi verið ógæfuspor og reynsla síðustu ára hafi sannað það. Við þurfum að breyta þessu og fá þessa þjónustu aftur til stéttarfélaganna. Þetta er svona dæmi um það að við megum í raun aldrei slaka á í baráttunni, það kemur þá bara í bakið á okkur síðar. Það er líka annað sem verður áleitnið í kjölfar efnahagshrunsins og það er spurningin um samfélagslega ábyrgð. Hinn almenni launamaður hefur aldrei getað eða viljað hlaupast undan ábyrgð á samfélaginu, en athafnamenn og pólitikar geta hlaupast undan merkjum og sjá sumir jafnvel ekki að þeir hafi brugðist á nokkurn hátt. Hvað þá að þeir axli ábyrgð.

Sérðu baráttumálin og baráttuáðferðirnar breytast á næstu árum?

Á margan hátt má segja að keðjan eða hringurinn sem er í merkjum svo margra stéttarféлага, sé mjög lýsandi fyrir stéttarbaráttuna. Allt kemur aftur, verkin sem þarf að vinna breytast í takt við tíðarandann, en mannlegt eðli breytist ekki svo mikið. Ég tel að stéttarfélögin þurfi að finna leiðir til að stækka þjónustueiningarnar, fækka í yfirstjórninni en virkja félagsmennina til meiri áhrifa. Ef til vill finnst einhverjum að þetta fari ekki saman, en þar er ég ekki sammála. Þetta er bara spurning um aðferðir. Það vill oft gleymast að málefnið eru mikilvægari en forystufólkið. Þó alltaf sé gott að hafa sterka foringja, þá hefur foringjadyrkun aldrei leitt til góðs. Þegar menn gleyma sér í slíku, þá verður niðurstaðan oftast afleit eða jafnvel ómurlag.

Fyrir hvað stendur íslensk verkalýðshreyfing?

Hún stendur í raun fyrir þessi gömlu gildi, jafnrétti, frið og bræðralag. Ef ég gerist mjög tilfinningarík og leita jafnframt að einu orði yfir það sem mér finnst, þá segi ég, „mennska“.



ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum dygga stuðning



ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum stuðning

Reykjavík
Ísrost ehf
 Funahöfða 7

Bláðamannafélag Íslands
 Síðumúla 23

DS lausnir ehf.
 Súðavogi 7

Eignamiðlunin R.vík og Mosfellsbæ
 Síðumúla 21

Ernst & Young hf.
 Borgartúni 30

Félag flugumsjónarmanna á Íslandi
Flügger
 Stórhöfða 44

Gjögur hf.
 Krínglunni 7

Glófaxi hf.
 Ármúla 42

Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili
 Hringbraut 50

Halldór Jónsson ehf.
 Skútuvogi 11

Hrafnistuheimilin
 Hafnarfirði og Reykjavík

Hugsmiðjan ehf.
 Snorrabraut 56

Ísaga hf.
 Breiðhöfða 11

Íslenska Gámáfélagið ehf.
 Gufunesi

Kjöthöllin ehf.
 Skippholti 70 og Háaleitisbr. 58-60

KPMG hf.
 Borgartúni 27

Lagnalagerinn ehf.
 Fosshálsi 27

Landsnet hf.
 Gylfaflöt 9

Landssamband lögreglumanna
 Grettisgötu 89

Landssamtök sauðfjárbænda
 Hagatorgi Bændahöll

Lifland
 Kornögörðum 5

Loftstökkahreinsun.is
 Garðhúsum 6

Mennta- og menningarmálaráðun.
 Sölvhólsgötu 4

Merkismenn ehf.
 Ármúla 36

Múlakaffi
 Hallarmúla

Neytendasamtökin
 Hverfisgötu 105

NM ehf.
 Brautarholti 10

Nói-Sírius hf.
 Hesthálsi 2-4

Nýi ökuskólinn ehf.
 Klettagörðum 11

Olíudreifing ehf.
 Gelgjutanga

Póstmannafélag Íslands
 Grettisgötu 89

Reykjavíkurborg
 Ráðhúsinu

Sjálfstæðisflokkurinn
 Háaleitisbraut 1

Sláturfélag Suðurlands svf.
 Fosshálsi 1

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
 Skógarhlíð 14

Snæland Grímsson ehf.
 Langhóltsvegi 115

Stál-Tech ehf.
 Tunguhálsi 10

TEG endurskoðun ehf.
 Grensásvegi 16

Utanríkisráðuneytið
 Rauðarárstíg 25

Útfarabjónusta
Rúnars Geirmundssonar
 Fjarðarási 25

Veitingahúsið Jómfrúin
 Lækjargötu 4

Verkstjórafélag Reykjavíkur
 Skippholti 50d

Viðskiptastofan
 Ármúla 21

Kópavogur
Alur blikksmiðja ehf.
 Smiðjuvegi 58

Bílaþvottastöðin Löður ehf.
 Bæjarlind 2

Glófi ehf.
 Auðbrekku 21

Íslandsspill sf.
 Smiðjuvegi 11a

Pottagaldrar, mannrækt í matargerð
 Laufbrekku 18

S. Helgason ehf.
 Skemmuvegi 48

Suðurverk hf.
 Hlíðarsmára 11

Garðabær
AP-Þrif ehf.
 Skeiðarás 12

Framtak-Blossi ehf.
 Vesturhrauni 1

Garðabær
 Garðatorgi 7

Haraldur Böðvarsson og Co ehf.
 Birkihæð 1

Ísafoldarprentsmiðja ehf.
 Suðurhrauni 1

Loftorka ehf.
 Miðhrauni 10

Hafnarfjörður
Hafnarfjarðarbær
 Strandgötu 6

Hvalur hf.
 Hafnarfirði,

Probygg ehf.
 Hvammabraut 4

Spennubreytar
 Trönuhrauni 5

Spíral prentþjónusta ehf.
 Bæjarhrauni 20

Starfsmannafélag ÍSAL
 Straumsvík

Trésmiðjan okkar ehf.
 Lyngbergi 19a

Útvík hf.
 Eyrartröð 7-9

Vogar
Vélsmiðjan Altak ehf.
 Jónsvör 5

Reykjanesbær
Grimnes ehf.
 Steiðsi 18

Happi hf.
 Hafnargötu 90

Húsanes ehf. byggingarvektakar
 Hafnargötu 91

IceMar ehf.
 Hafnargötu 17

Rammagerðin ehf.
 Keflavíkurflugvelli

Verslunarmannafélag Suðurnesja
 Vatnssnesvegi 14

Grindavík
Grindavíkurbær
 Víkurbraut 62

H.H. Smíði ehf.
 Bakkalag 20

Marver ehf.
 Staðholti

Sífell ehf.
 Skipastíg 13

Verkalyðsfélag Grindavíkur
 Víkurbraut 46

Sandgerði
Fiskmarkaður Suðurnesja hf.
 Hafnargötu 8

Flugfiskur hf.
 Holtsgötu 37

K & G ehf.
 Hafnargötu 9

Verk- og tölvuþjónustan ehf.
 Holtsgötu 24

Verkalyðs og sjómannaafélag Sandgerðis
 Tjarnargötu 8

Garður
Sveitarfélagið Garður
 Sunnubraut 4

Mosfellsbær
Nonni liti ehf.
 Þverholti 8

Akranes
Sýslumannsembættið á Akranes
 Stíllholti 16-18

Stykkishólmur
Tindur ehf.
 Hjallatanga 10

Grundarfjörður
Ragnar og Ásgeir ehf.
 Sólvöllum 7

Ólafsvík
Fiskidýjan Bylgja hf.
 Bankastræti 1

Hellissandur
KG Fiskverkun ehf.
 Melnesi 1

Sjávaridýjan Rífi hf.
 Hafnargötu 8

Ísafjörður
Bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar
 Hafnarstræti 1

Hótel Ísafjörður hf.
 Silfurtorgi 2

KNH ehf.
 Grænagarði

Lífeyrissjóður Vestfirðinga
 Hafnarstræti 9-13

Sýslumaðurinn á Ísafirði
 Hafnarstræti 1

Hnífsdalur
Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.
 Hnífsdalsbryggju

Bolungarvík
Bolungarvíkurkaupstaður
 Aðalstræti 12

Endurskoðun Vestfjarða ehf.
 Aðalstræti 19

Súðavík
Súðavíkurhreppur
 Grundarstræti 3

Suðureyri
Fiskvinnslan Íslandssaga hf.
 Freyjugötu 2

Patreksfjörður
Oddi hf. fiskverkun
 Eyrargötu 1

Tálknafjörður

Þórberg hf.
 Strandgötu

Bildudalur
GSG vörubílaakstur-trésmíði ehf.
 Kríubakka 4

Hvammstangi
Húnaþing vestra
 Hvammstangabraut 5

Blönduós
Íðnsveinafélag Húnavetninga
 Þverbraut 1

Sauðárkrókur
Íðnsveinafélag Skagafjarðar
 Sæmundargötu 7

Sjávarleður hf.
 Borgarmýri 5

Varmahlíð
Akrahreppur Skagafirði

Siglu fjörður
Rammi hf.
 Gránu götu 1-3

SR-Véla verkstæði hf.
 Vetrarbraut 12

Ólafsfjörður
Sjómannaafélag Ólafsfjarðar
 Brekkugötu 9

Akureyri
Félag málmíðnaðarmanna Akureyri
 Skipagötu 14

Flokkun Eyjafjörður ehf.
 Furuvöllum 1

Gúmmivinnslan
 Réttarhvammi 1

Norðurorka hf.
 Rangárvöllum

Orlofsbyggðin Illugastöðum
 Fnjóskadal

Samherji hf.
 Glerárgötu 30

Sjómannaafélag Eyjafjarðar
 Skipagötu 14

Sólskógur ehf.
 Kjamaskógi

Verkstjórafélag Akureyrar og nágrennis
 Furuvöllum 13

Grenivík
Frosti ehf.
 Melgötu 2

Grímsey
Sigurbjörn ehf. útgerð
 Öldutúni 4

Laugar
Þingeyjarsveit
 Kjarna

Mývatn
Skútustaðahreppur
 Hlíðavegi 6

Kópasker
Rífós hf. laxeldistöð
 Lónin Kelduhverfi

Þórshöfn
Geir ehf.
 Sunnuvegi 3

Verkalyðsfélag Þórshafnar
 Langanesvegi 18

Vopnafjörður
Sláturfélag Vopnfirðinga hf.
 Hafnarbyggð 6

Vopnafjarðarhreppur
 Hamrahlið 15

Egilsstaðir
Barri hf. Gróðrarstöð
 Valgerðarstaðir 4

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.
 Einhleypingi 1

P.S. Verktakar ehf.
 Miðási 8-10

Seyðisfjörður
Brimberg ehf.
 Hafnargötu 47

Seyðisfjarðarkaupstaður
 Hafnargötu 44

Neskaupstaður
Fjarðanet hf.
 Strandgötu 1

Reyðarfjörður
Fél. opinberra starfsm. á Austurlandi
 Stekkjarbrekku 8

Verkstjórafélag Austurlands
 Austurvegi 20

Eskifjörður
Eskja hf.
 Strandgötu 39

Fáskrúðsfjörður
Loðnuninnslan hf.
 Skólavegi 59

Breiðdalsvík
Breiðdalshreppur
 Ásvegi 32

Höfn í Hornafirði
Skinney - Þinganes hf.
 Krossey

Vélsmiðja Hornafjarðar ehf.
 Álaugarvegi 2

Vík
Víkurþrjón ehf.
 Austurvegi 20

Selfoss
Fél. opinberra starfsm. Suðurlandi
 Austurvegi 38

Orkugerðin ehf.
 Heiðargerði 5

Veitingastaðurinn Menam
 Eyravegi 8

Verslunarmannafél. Suðurlands
 Austurvegi 56

Hveragerði
Eldhestar ehf.
 Völlum

Garðyrkjustöð Ingibjargar
 Heiðmörk 38

Þorlákshöfn
Frostfiskur ehf.
 Hafnarskeiði 6

Járnkarlinn ehf.
 Unubakka 12

Sveitarfélagið Ölfus
 Hafnarbergi 1

Vestmannaeyjar
Alþýðuhúsið Vestmannaeyjum
 Skólavegi 21b

Frár ehf.
 Hásteinsvegi 49

Ísfélag Vestmannaeyja hf.
 Strandvegi 28

Narfi ehf.
 Strembugötu 8

Vöruval ehf.
 Vesturvegi 18



Dynamics™ NAV í áskrift



Hagkvæm og sveigjanleg lausn

Helstu kostir:

- Sveigjanleiki
- Þekktur kostnaður
- Engin kaup á miðlægum tölvubúnaði eða hugbúnaðarleyfum
- Kostur á breytilegum fjölda notenda í hverjum mánuði
- Lágmarks kostnaður við uppsetningu

Það sem fylgir:

- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptavina- og lánardrottnakerfi
- Innkaupakerfi
- Birgðakerfi
- Markaðs- og sölukerfi
- Eignakerfi
- Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
- Létt útgáfa af Wise greiningartóli

Microsoft Dynamics NAV í áskrift er hagkvæm og þægileg nýjung sem gefur kost á viðskiptalausnum í mánaðarlegri áskrift.

Greitt er mánaðarlegt gjald fyrir hugbúnað, uppfærslu- og þjónustugjöld. Innifalið er vistun á gögnum, afritun, öryggisvarnir og SQL gagnagrunnur.

Síminn sér um vistun og afritun á gögnum í fullkomnu tækniumhverfi.

Maritech býður staðlaðar Microsoft Dynamics NAV lausnir auk fjölda sérlausna fyrir íslenskan og alþjóðlegan markað.

Maritech tryggir þér samkeppnisforskot.

LEIÐANDI Í 40 ÁR

RAFIDNADARSAMBAND
ÍSLANDS

Rafiðnaðarsamband Íslands er starfsgreinasamband 6.500 félaga í 10 aðildarfélögum um land allt. RSÍ gætir hagsmuna félagsmanna og fjölskyldna þeirra gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. RSÍ á og rekur 42 orlofshús og íbúðir á 13 stöðum á landinu ásamt íbúðum í Kaupmannahöfn og á Spáni. RSÍ á öflugasta verkfallssjóð stéttarfélaganna hér á landi. Sjá allt um RSÍ á rafis.is